

Þingsályktun

um staðfestingu samninga um lögsögumál
við Danmörku og Grænland annars vegar
og við Noreg hins vegar.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirfarandi samning og viðbótarbókun um lögsögumál sem gerð voru í Helsinki 11. nóvember 1997:

- Samning milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landsstjórnar Grænlands hins vegar um afmörkun landgrunnins og fiskveiðilögsögu á svæðinu milli Íslands og Grænlands.
- Viðbótarbókun við samkomulag frá 28. maí 1980 milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál og samkomulag sem leitt er af því frá 22. október 1981 um landgrunninn á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

Samþykkt á Alþingi 22. apríl 1998.